Listamaðurinn Daniel Pflumm er þekktur fyrir afbyggingar sínar á einkennismerkjum og lógóum stórfyrirtækja og fyrir að brjóta þau niður í einföld geómetrísk og minimalísk form. Sama skapi gegnir um vídeóverk hans, sem fara í gegnum svipað breytingaferli og lógóin í heimi sjónvarps, kvikmynda og auglýsingageirans.
Daniel Pflumm is known for playfully deconstructing corporate logos based on the geometry and minimalism of their composition and structural elements. Through the processes of animation and deconstruction, his videoworks can often be considered within the context of the kind of transformations corporate logos take on, or go through via television, cinema and advertising.

Daniel lærði myndlist við Columbia University í New York og Hochschule der Künste í Berlín. Snemma á tíunda áratugnum stofnaði hann, ásamt öðrum, grasrótarrými fyrir raftónlist og myndlist. Hann hefur einnig stofnað sína eigin sjónvarpsrás og plötuútgáfu, Elektro Music Department, þar sem hann hannaði plötuumslög og bjó til tónlistarmyndbönd. Daniel er þekktur fyrir verk þar sem hann sýnir ljósakassa merkta með afbyggðum lógóum fyrirtækja á borð við Esso, Kraft Foods, Mastercard, KLM og AT&T. Daniel fór ótroðnar slóðir á sviði gagnvirkni og kerfishugsunar í myndlist þegar hann byrjaði að gera gagnrýnin internetverk árið 1993. Kjarninn í verkum hans er tortryggni í garð sítengingar, eftirlitssamfélagsins, auglýsingaiðnaðarins og blindrar áhugasemi almennings í garð tækniþróunar.
Daniel Pflumm studied Fine Arts at Columbia University in New York and at Hochschule der Künste in Berlin. In the early 1990s Pflumm, along with others, created socially-orientated spaces for electronic music and art. He created his own TV channel and record publishing company called Elektro Music Department (EMD) where he designed record covers and made music videos. His best known work consists of light boxes featuring deconstructed logos of companies such as Esso, Kraft Foods, Mastercard, KLM or AT&T. Pioneering ideas about network and interactivity led Pflumm to make critical internet work as early as 1992. His scepticism towards false connectivity, surveillance, the advertising industry and the blind enthusiasm for technology are integral parts of his work.

## Dieter Roth

f. 1930 d. 1998 bjó og starfaði í Basel í Sviss og í Reykjavík
b. 1930 d. 1998, lived and worked in Basel, Switzerland and Reykjavík, Iceland

### Zwei Gefangene; No. 1
### Two Prisoners; No. 1

1972
Silkiprent
Silkscreen print

### Zwei Gefangene; No. 2
### Two Prisoners; No. 2

1973
Málmrista
Metal etching

Frá 1947 allt til ársins 1998 framleiddi Dieter Roth 528 prentverk. Hann var einstaklega fær prentari og vann verkin snilldarlega og þróaði þau áfram á mismunandi stigum prentunarferilsins. Mörg prent Dieter mynda raðir af einstökum prentseríum, þar sem færni listamannsins skín í gegn. Dieter studdist við alla mögulega prenttækni sem til er, svo sem dúkristu, tréristu, silkiþrykk, málmristu, steinþrykk og offsetþrykk.
Between 1947 and 1998 Dieter Roth produced 528 prints. Many of these prints appeared as series of unique pieces through ingenious manipulations applied by the artist at various stages of the printing process. Roth used every known printing technique in his production including lino and woodcut (relief printing), etching (intaglio / gravure printing), lithography, offset and serigraph (screen printing).

Listamaðurinn Dieter Roth var ættaður frá Sviss og kom fyrst til Reykjavíkur árið 1957. Hann hafði bakgrunn í auglýsingateiknun og hönnun og vann að fjölbreyttum verkefnum eftir að hafa flust til landsins. Á ferli sínum kom Dieter meðal annars að gerð tónverka, bókverka, prents, málverka, ljósmynda og innsetninga og var hann óhræddur við að gera tilraunir og vinna með óhefðbundin efni líkt og matvæli og fundna gripi sem komust fyrir í vasa hans. Dieter setti mark sitt á íslenska samtímalist en í safneign Nýlistasafnsins má finna fjölda verka, þar á meðal prent, bókverk og skúlptúra sem spanna afkastamikinn feril hans.
Dieter Roth first arrived to Reykjavik in 1957 and with his background in design and illustration, his art practice became diverse. He experimented with compositions, bookworks, prints, installations as well as painting and photography, but he was unafraid to use unconventional materials, such as food and found items that fit into his pockets. Dieter left a mark on the icelandic art scene. The Living Art Museum's collection holds numerous works that span his career, and amongst them are bookworks, prints and sculptures.

## Douwe Jan Bakker

f. 1943 d. 1997, bjó og starfaði í Haarlem, Hollandi
b. 1943 d. 1997, lived and worked in Haarlem, Netherlands

### Án titils
### Untitled

Óþekkt ártal
Date unknown
Skúlptúr, málaður krossviður
Sculpture, painted plywood

Verkið samanstendur af sjö mismunandi formum. Þrjú þeirra eru máluð í frumlitunum: bláum, rauðum og gulum, á meðan hin fjögur eru brotin upp með gráum og svörtum lit. Douwe hreifst af þeirri hugmynd að tengsl væru á milli talaðs máls og því hvernig við upplifum umhverfið okkar. Lítið er vitað um þessi verk eftir hann en þau bera keim af öðrum verkum sem fjalla um bilið milli orða og skynjunar.
The work consists of seven different forms. Three of them are painted in primary colors: blue, red and yellow. The others are in shades of gray and black. Bakker was aware of the connection between spoken language and our experience of our environment. Little is known about these specific works by him, but they reflect upon his other works about the gap between words and our sense.

Douwe Jan Bakker stundaði myndlistarnám í Eindhoven og Den Bosch á árunum 1961–1964. Í list sinni fékkst hann oft við tengsl tungumáls og umhverfis. Douwe hélt fjölda sýninga á Íslandi, þá fyrstu í Galleríi SÚM árið 1971, og var virkur þátttakandi í íslensku listalífi upp frá því. Mörg stærstu verk hans fjalla um íslenskt landslag, húsagerðarlist og íslenska tungu. Má þar nefna verkin *A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape* og *Um sérstakt framlag Íslands og íslensks samfélags til sögu byggingarlistarinnar.* Auk þess gerði hann mörg smærri verk sem á einn eða annan hátt tengjast íslenskum veruleika.
Douwe Jan Bakker studied art in Eindhoven and Den Bosch between the years 1961–1964. He had a number of exhibitions in Iceland, first in 1971 at Gallerí SÚM, and was an active participant in the Icelandic art scene from then on. Many of his works address Icelandic landscape, architecture and language. Among them are A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape and On the Specific Contribution of Iceland and the Icelandic Society to Architectural History. In addition, he made various smaller works that in one way or another relate to Icelandic reality.

## Edilson

f. ________, býr og starfar í ________
b. _________, lives and works in _________

Edilson fæddist árið _____ í ______.
Edilson stundaði nám við _____ í ____ deild.
Verk Edilson einkennast af _____ og vísunum í __________.
Í safneign Nýlistasafnsins er að finna dularfullan skúlptúr sem skráður er á listamanninn Edilson. Skúlptúrinn forvitnilegi samanstendur af steini með álímdum pappírslaufblöðum sem liggur sældarlega í litlu neti, sem er svo bundið upp í loft. Þetta er allt sem við vitum um Edilson og meðfylgjandi skúlptúr. Við vitum hvorki kyn né fullt nafn. Við erum ekki einu sinni viss hvort nafnið sé rétt stafsett. Egilsson? Edison? Enn leynast ýmsar ráðgátur í safneign Nýlistasafnsins og er Edilson fulltrúi þeirra. Ef þú, kæri lesandi, býrð yfir frekari vitneskju um Edilson máttu endilega fræða okkur.
Edilson was born in __________ the year ________.
Edilson studied ____________ in __________.
Edilson's work is characterized by ____________ and references __________.
There is a mysterious sculpture to be found in the collection of The Living Art Museum which is registered under the artist Edilson. The sculpture curiously consists of a stone with glued-on paper leaves that rests snuggly in a small net, which is then bound to the ceiling. This is all we know about Edilson and the accompanying sculpture. We do not know the gender nor the full name of the artist. We are not even sure if the name is spelled correctly. Einarsson? Edison? Edilson represents mysteries that still remain unsolved within the collection. If you, dear reader, have any further information: we are all ears.

## Eirún Sigurðardóttir

f. 1971, býr og starfar í Reykjavík
b.1971, lives and works in Reykjavík

### Ég og Matthildur
### Me and Mathilda

1997
Gjörningur fyrir myndavél
Performance for a camera

Hænan Matthildur fylgist með konu borða harðsoðið egg á innan við tveimur mínútum. Gjörningurinn var tekinn upp í Húsdýragarðinum án áhorfenda.
Mathilda the hen observes a woman eating a hard boiled egg in less than two minutes. The performance was recorded in The Reykjavik Zoo without an audience.

Eirún Sigurðardóttir vinnur í alla þá miðla sem þjóna hugmyndum hennar hverju sinni. Þær eiga gjarnan snertifleti við pælingar um val, mótun og samfélag út frá kynjafræðilegum vinkli. Eirún er ein af stofnendum *Gjörningaklúbbsins* sem hefur verið starfandi frá 1996 og vinnur gjarnan á mörkum listgreina og í samstarfi við aðra. Gjörningaklúbburinn / Eirún á að baki ógrynni einka- og samsýninga um allan heim auk þess sem verk þeirra eru í eigu mikilsvirtra safna og safnara í alþjóðlegu samhengi. Eirún útskrifaðist frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1996, stundaði framhaldsnám við Hochschule der Künste í Berlín 1996–98 og lauk diplómanámi í hagnýtri jafnréttisfræði frá Háskóla Íslands 2014.
Eirún Sigurðardóttir utilizes any medium that serves her ideas and projects. Her ideas often interact with notions of choice and social conditioning from a gendered perspective. Eirún is a founding member of the Icelandic Love Corporation, a performance art group, which has been operative since 1996 and tends to work across art disciplines and in cooperation with others. The Icelandic Love Corporation / Eirún has held numerous exhibitions all over the world and their works are included in important international public and private collections. Eirún studied at Icelandic College of Arts and Crafts, Hochschule der Künste in Berlin and received a diploma in Applied Gender Studies from the University of Iceland.

## Erika MacPherson

Býr og starfar í Winnipeg
Lives and works in Winnipeg

&

## Rachel Zolf

f. 1968, Kanada
b. 1968, Canada

### Þetta er ljósmynd af mér
### This Is a Photograph of Me

1996
Vídeóverk (5:10, litfilma, steríóhljóð)
Unnið fyrir Norflicks Productions, Kanada
Videowork (5:10, colour, stereo)
Commissioned by Norflicks Productions, Canada

Þetta *vídeóljóð* kannar hugmyndir um ímyndir, ímyndunaraflið og rýmið. Það fær titil sinn frá samnefndu ljóði Margaret Atwood og notar hann sem leiðarvísi í gegnum samsett landslag (unnið á Super8 filmu og Hi8 vídeó) til að rýna í hvernig við staðsetjum okkur sjálf sálrænt innan rýmis.
This video poem explores the notions of image, imagination and space. It uses Margaret Atwood's poem of the same title as a script that guides us through a composite landscape (Super 8 film and Hi8 video) to explore the way we psychologically place ourselves in space.

Erika MacPherson vinnur með kvikmyndamiðilinn bæði í myndlist og í heimildarmyndagerð. Að virkja þátttöku samfélagsins og umhverfisins eru helstu útgangspunktar verka hennar og taka þau á sig ýmis form, allt frá tilraunakenndum innsetningum til hefðbundinna línulegra frásagna. Hún er einnig þekkt fyrir störf sín sem klippari og hefur unnið að gerð kvikmynda, tónlistarmyndbanda og innsetninga.
Erika MacPherson is a video artist and documentary filmmaker. Community and environmental engage ment define her practice, with her works ranging from obscure DIY experimental installations to linear narratives. She is also a well known editor and has worked on films, music videos and installations.

Rachel Zolf er myndlistarmaður og skáld. Í verkum sínum og hugsun varpar hún fram spurningum um sögu, þekkingu, huglægni og takmörk tungumálsins. Þar að auki kennir hún ritlist og myndlist við Pennsylvaníu háskólann.
Rachel Zolf is an artist and poet. Her thinking and artistic practice explores questions about history, knowledge, subjectivity and the limits of language. In addition, she works at the University of Pennsylvania where she teaches creative writing and fine arts.

## Geoffrey Hendricks

f. 1931 d. 2018, bjó og starfaði í NYC
og Cape Breton Island, NS
b. 1931 d. 2018, lived and worked in New York City
and Cape Breton Island, NS

### Til að horfa á himininn – til sjálfsskoðunar,
### To watch the sky – For self-examination

1984–
Innsetning
Installation

Tveir hvítir stólar sem bundnir eru saman með hvítu bómullarefni og snúa gagnstætt hvor öðrum. Báðir stólar hafa á sér áletraða gullplötu. Á annarri stendur: *Að horfa á himininn* og á hinni: *Til sjálfsskoðunar.*
Two white chairs tied together with white cotton fabric, looking in the opposite direction from one another. Each marked with an engraved gold plate, one reads, To watch the sky and the other For self–examination.

Geoffrey Hendricks var bandarískur myndlistarmaður nátengdur flúxushreyfingunni allt frá miðjum sjöunda áratugarins. Hann var gjarnan kallaður skýjasmiður vegna sérstaks áhuga og notkunar sinnar á skýjamyndunum í málverkum, innsetningum og gjörningum sínum víðsvegar um heiminn. Hann kenndi myndlist við Rutgers háskóla frá 1956 til 2003 og starfaði þar með Allan Kaprow, Roy Licthenstein og Lucas Samaras á fimmta áratugnum. Þrátt fyrir sterk tengsl við flúxushreyfinguna þá hafði strangtrúað kristilegt uppeldið, áhugi á zenbúddhatrú, sveitasælutengingin og verk John Cage ekki síður áhrif á Geoffrey.
Geoffrey Hendricks, the selfproclaimed "cloud–smith" was an American artist associated with Fluxus since the mid 1960s. He is best known for his enduring work with sky imagery in traditional canvas paintings, on objects, in installations, in ritual and performances worldwide. Geoffrey was a professor emeritus of art at Rutgers University, where he taught from 1956 to 2003, and where he was connected to Allan Kaprow, Roy Lichtenstein, and Lucas Samaras during their time there in the 1960s. Geoffrey's Quaker upbringing, curiosity in Zen Buddhism, rural connection and early exposure to the works of John Cage influenced his practice equally as much as the avante–garde Fluxus collective.

## Guðrún Einarsdóttir

f. 1957, býr og starfar í Reykjavík
b. 1957, lives and works in Reykjavík

### Án titils
### Untitled

2008
Skúlptúr
Sculpture

Verkið er skúlptúr unninn úr olíulit: lítill og svartur hnöttur með hrjúfótta áferð. Þetta er í fyrsta sinn sem verkið er sýnt í Nýlistasafninu.
A sculpture made of oil paint; a black orb with a rough surface. This is the first time the work is exhibited in The Living Art Museum.

Eftir útskrift árið 1988 frá máladeild Myndlistar– og handíðaskóla Íslands og viðbótarár í nýlistadeild í sama skóla vann Guðrún með eiginleika olíulitarins til að myndgera náttúrulandslag og náttúruferli. Verkin voru svört eða hvít fyrstu árin, þykk og mótuð málverk. Hún hefur einnig gert skúlptúra úr olíulit og blandaðri tækni, vatnslitaverk og teikningar. Á síðari árum hafa málverkin þróast frá því að vera myndgert náttúrulandslag í landslag efnisins sjálfs, efnislandslag. Verkin eru byggð á tilraunum með efnafræðilega virkni olíu og bindiefna.
Following her graduation from the painting department of the Icelandic College of Arts and Crafts in 1988 and after an additional year in the new media department at the same college, Einarsdóttir began working with the properties of oil paint in order to recreate landscapes and natural processes. Her works were either black or white to begin with; thick moulded paintings. At the same time, Einardóttir also worked on sculptures made from oil paint and mixed media, watercolors and drawings. Recently her work developed from showing natural landscape to becoming a landscape of material itself, material landscape. Her work is based on experiments of chemical reactions between oil and binder.

## High Heel Sisters

2002–2007

## Anna Linder

f. 1967, Svíþjóð
b. 1967, Sweden

## Karianne Stensland

f. 1969, Noregi
b. 1969, Norway

## Line S. Karlström

f. 1971, Svíþjóð
b. 1971, Sweden

## Malin Arnell

f. 1970, Svíþjóð
b. 1970, Sweden

### Swim Piece

2002
Vídeóverk (2:00, lit)
Videowork (2:00, colour)

Þrjár konur í sundbolum standa á strönd á nöprum degi. Með því að ganga afturábak ofan í og upp úr sjónum snúa þær hreyfingu öldunnar á rönguna. Háhælasysturnar skapa tvöfalda hreyfingu; þær leika sér bæði að möguleikum mannslíkamans og vídeoómiðilsins sjálfs.
Three women wearing swimsuits stand on a beach during what seems to be a chilly day. As they walk backwards into and out of the sea, the water's movement is inverted. The High Heel Sisters create a doublemotion, playing with both the capacities of the human bodies and the possibilities of the video medium.

Malin Arnell, Line S. Karlström, Anna Linder og Karianne Stensland stofnuðu femíníska gjörningahópinn *Háhælasystur* (e. High Heel Sisters) árið 2002 og var hann virkur til ársins 2007. Útgangspunktur samstarfsins voru hinir ýmsu mælanlegu þættir mannslíkamans sem þær áttu sameiginlega; aldur, hæð (að lágmarki 178cm) og skóstærð (að lágmarki 41). Þær tókust á við alls kyns væntingar og norm samfélagsins; kyngervi, kynhneigð og stétt með kímni og femínískum eldmóð að vopni. Gjörningar þeirra glímdu við margvíslegar birtingarmyndir forréttinda í almannarými og gældu við fagurfræðilegar hugmyndir samtímalistarinnar.
Between 2002 and 2007, Malin Arnell, Line S. Karlström, Anna Linder and Karianne Stensland collaborated as the feminist performance group High Heel Sisters. The starting point for their collaboration was that they shared various physical attributes such as height (minimum 178 cm), shoe size (minimum 41) and age. With a dose of humour and a feminist zeal, they addressed many of society's expectations and accepted norms – gender, sexuality and class. Their activity focused on negotiating different forms of privilege in the public space while playing with the notion of aesthetics of contemporary art.



## Hörður Ágústsson

f. 1922, d. 2005, bjó og starfaði í Reykjavík
b. 1922, d. 2005, lived and worked in Reykjavík

### Úr formsmiðju

1961–1971
Fótógrafík, blönduð tækni
Photo–based graphic, mixed media

Í byrjun sjöunda áratugarins hóf Hörður að vinna túss–teikningar sem hann kallaði einu nafni Úr formsmiðju. Fyrir sýningu í Gallerí SÚM 1972 lét Hörður taka myndir af völdum teikningum og framkalla filmuna á ljósmyndapappír bæði pósitíft og negatíft. Aðferðina nefndi hann „fótógrafík". Þessi óvenjusterku form–gerðarverk áttu eftir að verða undirstaða límbands–verka hans tveim áratugum síðar.
In the early sixties, Hörður began to work with a series of ink drawings, which he named Úr formsmiðju. For an exhibition in Gallery SÚM in 1972, Hörður took photographs of selected drawings and produced the film onto photographic paper, both positive and negative. He called the process „photobased graphic". This unparalleled medium became the foundation of his tape works two decades later.

Hörður Ágústsson lét að sér kveða sem myndlistar–maður, hönnuður, kennari og fræðimaður á sviði sjónvísinda, á ferli sem spannaði rúmlega hálfa öld. Í upphafi sjötta áratugarins var hann í hópi ungra listamanna sem kynntu geómetríska abstraktlist fyrir Íslendingum. Hann var frumkvöðull samþættingu listar og hönnunar í anda Bauhaus skólans. Hann stúderaði form og litafræði og kannaði blæbrigði grunnforma og grunnlita til hins ítrasta í verkum sínum. Hörður var einnig brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri húsagerðarsögu.
Ágústsson enjoyed a multifaceted career as an artist, architect, designer, critic, academic and educator. In the early 1950s he was amongst a group of young artists who introduced geometric abstraction to Icelanders. He was the prime mover of the integration of art and design in the spirit of the Bauhaus and called upon socialutopian ambitions in his practice. Rigorously studying form and colour theory, Ágústsson strove for fundamentals and tested the expressive potential of basic forms and primary colours to the fullest in his paintings and drawings.

## Jóhanna Kristín Yngvadóttir

f. 1953, d. 1991, bjó og starfaði í Reykjavík
b. 1953, d. 1991, lived and worked in Reykjavík

### Svart á hvítu
### Black on White

1976
Teikning
Drawing

Lítil mynd í heimagerðum ramma úr bókbandspappa. Myndin er svartur ferningur á hvítu undirlagi. Ramminn er ómálaður. Lítil leðurrem er hanki.
A small work in a homemade frame made from binding carton, with an image of a black square on a white background.

Jóhanna Kristín nam við Myndlista– og handíðaskóla Íslands á árunum 1972–1976 og stundaði framhaldsnám í Haag og Amsterdam í Hollandi til ársins 1980. Hún hélt nokkrar einkasýningar og átti verk á fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Fyrstu einkasýningu sína hélt hún vorið 1983 í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Þar sýndi hún tólf stór olíumál verk. Sýningin hlaut jákvæðar viðtökur og góða gagnrýni. Telja má Jóhönnu Kristínu til fulltrúa fígúratívs expressjónisma í íslenskri listasögu. Áleitin verk hennar voru máluð með miklu öryggi og einkenndust þau af dýpt og einlægni í túlkun.
Jóhanna Kristín studied at the Icelandic College of Art and Crafts between 1972 and 1976 and in Haag and Amsterdam until 1980. She held a few solo exhibitions and her work was included in a number of collective shows, both in Iceland and abroad. Her first solo exhibition took place in the spring of 1983 in the Living Art Museum, showing twelve large oil paintings. The exhibition was well received. Jóhanna Kristín is a exemplary of figurative expressionism in Icelandic art. She painted with confidence and her haunting and intimate works are characterised by profoundness and sincerity.

## Jón Gunnar Árnason

f. 1931 d. 1989 bjó og starfaði í Reykjavík
b. 1931 d. 1989, lived and worked in Reykjavík

### Rigning
### Raining

1972
Skúlptúr
Sculpture

Verk hans á sýningunni, *Rigning* eða *Andlit í rigningu* er frá árinu 1972 og er eitt af fyrstu hugmyndafræðilegu verkum listamannsins.
His work in the exhibition, *Rain* or *Face in the Rain* is from 1972 and is one of the artist's first conceptional works.

Jón Gunnar Árnason var afkastamikill myndlistar–maður og einn af stofnendum *SÚM hópsins* (1965) og Gallerí Súm (1969), Nýlistasafnsins og Mynd–höggvarafélags Reykjavíkur. Jón Gunnar stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands, Myndlistaskólann í Reykjavík undir handleiðslu Ásmundar Sveinssonar og við Hornsey College of Art í London. Hann lauk einnig meistaraprófi í vélvirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík. Dieter Roth kynnti Jón Gunnari fyrir hreyfilistaverkum Yaacov Agam, Jesus Soto, og Yves Tinguely sem áttu eftir að hafa áhrif á hans verk. Jón Gunnar átti fjölbreytta sýningarsögu, en hann syndi meðal annars í Gallerí SÚM, Ásmundar–sal, Moderna Museet í Stokkhólmi, Stedelijk í Amster–dam, Malmö Konsthall og á Kjarvalsstöðum. Eitt þekktasta verk hans, *Sólfarið*, stendur við Sæbraut í Reykjavík.
Jón Gunnar Árnason was a prolific artist, sculptor, metalworker and a founding member of The Living Art Museum, the SÚM group and The Reykjavík Sculptors Society. He studied at the Icelandic College for Arts and Crafts at the Reykjavík School of Visual Arts, under the guidance of the modernist sculptor Ásmundur Sveinsson, and at the University of Hornsey in London. He was also educated in mechanics and metalworking at the Reykjavík Trade School. Dieter Roth introduced him to the kinetic works by Yaacov Agam, Jesus Soto and Yves Tinguely, which influenced him considerably. One of his best known works is the Sun Voyager, a large metal sculpture reminiscent of a boat situated at the seaside in Reykjavík.

# Níels Hafstein

f. 1947, býr og starfar í Eyjafirði, Svalbarðsströnd
b. 1947, lives and works in Eyjafjörður, Svalbarðsströnd

## Án titils
## Untitled

1985
Gifs skúlptúr
Plaster sculpture

Ýkt fjarvídd þar sem sveigjan er tekin fram yfir beina línu. Klippt úr heilli messingplötu, þrívítt gifshús rist í bogadreginn flöt og gler skorið eins og fjarvíddarhús sem séð er inn í, dökkblátt með gulum línum, málað á bakhliðina.
An exaggerated perspective where the curve is favoured above the straight line. Cut out of a brass plate, a three-dimensional house made of plaster carved into a curved surface and glass cut like a house in perspective, the interior visible, house painted on the backside.

## Tvívíð fjarvídd
## Two-dimensional perspective

1986
Viðarskúlptúr, fura
Wood sculpture, pine

Eitt af fjarvíddarverkum Níelsar var fyrst sýnt á sýningu hans *List og fagurfræði* í Nýlistasafninu á Vatnsstíg 3b, árið 1986.
One of the artist's dimensional works, first shown at Hafstein's solo exhibition *Art and Aesthetics* in The Living Art Museum in 1986.

Níels lauk námi úr skúlptúrdeild Myndlista og handíðaskóla Íslands árið 1973. Hann er einn af stofnendum Nýlistasafnsins og fyrsti formaður stjórnar þess árið 1978 og sat í stjórn safnsins í 12 ár. Árið 1995 stofnuðu Níels og Magnhildur Sigurðardóttir, kona hans, Safnasafnið á Svalbarðaströnd sem hefur þá sérstöðu meðal listasafna á Íslandi að safna og sýna jöfnum höndum list eftir leikna sem lærða. Níels hefur sýnt verk sín í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur og Nýlistasafninu. Hann hefur haft umsjón með yfir 200 sýningum á vegum ýmissa listhúsa, félaga og einstaklinga.
Níels graduated from the Department of Sculpture from the Reykjavík School of Arts and Crafts in 1973. He is one of the founding members of The Living Art Museum, the first Director of the Board in 1978 and sat on the board of the museum for 12 years. In 1995 Níels and his wife, Magnhildur Sigurðardóttir, founded the Icelandic Museum of Folk and the Outsider Art in Svalbarðsströnd by Eyjafjörður in north Iceland. The museum's main objective is to collect, research, exhibit and preserve folk and outsider art. Níels has exhibited in The National Gallery of Iceland, Reykjavík Art Museum and The Living Art Museum. He has also overseen over 200 exhibitions in various art houses, communities and with a number of individuals.

# Róska

f. 1940 d.1996 bjó og starfaði í Reykjavík og Róm
b. 1940 d.1996 lived and worked in Reykjavík and Rome

## Tíminn og ég
## Time and I

1967
Akrýlmálverk
Acrylic painting

Akrýlmálverk á þunnri spónaplötu sem síðan er fest á viðarramma. Myndefni: Kvenmannsfígúra í lausu lofti, handtaska, lyklar, klukka, standlampi og köttur með klukku yfir öðru auganu. Útlínur og form eru mjúk. Bakgrunnur er blár, bleikur og rauður.
Acrylic paint on chipboard, attached to a wooden frame. A women's figure floating. Handbag, keys, clock, lamp and a cat with a clock over one eye. Contours and shapes are soft. Background is blue, pink and red.

Ragnhildur Óskarsdóttir, best þekkt undir listamannsnafninu Róska, var íslensk listakona, kvikmyndagerðar kona, kommúnisti og femínisti. Hún lærði myndlist og kvikmyndagerð í Prag í Tékklandi og í Róm á Ítalíu þar sem hún bjó lengst af. Hún var þekkt fyrir róttækar stjórnmálaskoðanir sínar, sem komu einnig skýrt fram í verkum hennar, var meðlimur í Æskulýðsfylkingunni og tók þátt í að ráðast inn í sjónvarpssal Keflavíkursjónvarpsins á Keflavíkurstöðinni árið 1969 og úða þar málningu á linsur tökuvélanna. Í Róm var hún virkur þátttakandi í hópum vinstrimanna og anarkista og tók meðal annars þátt í fjögurra mánaða setuverkfalli ásamt manni sínum Manrico Pavolettoni í smábænum Fabbrico nálægt Reggio Emilia á NorðurÍtalíu árið 1968.
Ragnhildur Óskarsdóttir, best known by the artist name Róska, was an Icelandic artist, filmmaker, communist and feminist. She studied art and film in Prague, Czech Republic, and in Rome, Italy, where she lived most of her life. She was known for her radical political beliefs, which also became apparent in her work. She was a member of the union of young Socialists and participated in breaking into the US Army based television studio of the broadcasting service in Keflavik in 1969, spraying paint on the camera lenses. In Rome, she joined forces with leftwingers and anarchists, participating among others in a four-month sit-down strike along with her husband Manrico Pavolettoni in the small town Fabbrico near Reggio Emilia in northern Italy in 1968.

# Rúna Þorkelsdóttir

f. 1954, býr og starfar í Amsterdam og Reykjavík
b. 1954, lives and works in Amsterdam and Reykjavík

## Fjallgarður
## Mountain range

1986
Skúlptúr (fundnir steinar, málning, viður)
Sculpture (found stones, paint, wood)

Verkið samanstendur af steinum sem safnað var í fjöruferð á Hjalteyri, fundin fjallaform sem síðar voru máluð í sumarbústað listamannsins og þannig breytt í fjallasal.
Stones collected while walking on the beach in Hjalteyri, found mountain shapes later painted in the artist's summer home and made into a mountain horizon.

Rúna Þorkelsdóttir er íslensk myndlistarkona frá Hafnafirði og ein af stofnendum Nýlistasafnsins. Hún býr og starfar í Amsterdam og í Reykjavík. Rúna lauk námi við Myndlista og handíðaskóla Íslands árið 1976 og lærði einnig í Konstfack í Stokkhólmi sama ár. Árið 1977 lauk hún nám hjá Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam. Rúna er einnig ein af stofnendum Boekie Woekie bókabúðarinnar í Amsterdam sem opnaði árið 1985 og Dieter Roth Academy í Basel árið 2000. Verk hennar eru varðveitt í safneignum margra listasafna, þ.á.m. Listasafni Íslands, Nýlistasafninu, Listasafni Kópavogs, Stedelijk Museum í Amsterdam og Safnasafninu, Svalbarðsströnd.
Rúna Þorkelsdóttir is an Icelandic artist and founding member of The Living Art Museum, Boekie Woekie books by artists in Amsterdam and the Dieter Roth Academy in Basel. She lives and works in both Amsterdam and Reykjavík. Rúna graduated from the Reykjavík School of Arts and Crafts in 1976, having also studied at Konstfack in Stockholm the same year. In 1977 she attended the Gerrit Rietveld Academie in Amsterdam. Her works can be found in the collections of The National Gallery of Iceland, The Living Art Museum, Kópavogur Art Museum, the Stedelijk Museum in Amsterdam and The Icelandic Folk and Outsider Art museum, among others.



# Sigurður Guðmundsson

f. 1942. býr og starfar í Xiamen, Kína og í Reykjavík
b. 1942. lives and works in Xiamen, China and Reykjavík

## Kranamálefni með frídómi
## Freedom

1968
Innsetning (trappa úr við, ullardregill, málmstöng, olíumálverk á við, svartur rammi)
Installation (wooden steps, wool carpet, metal pole, oil painting on wood, black frame)

*Kranamálefni með frídómi* er eitt af fáum verkum Sigurðar sem Nýlistasafnið varðveitir frá sjöunda áratugnum. Verkið var fyrst sýnt á sýningu listamannsins í Galleri SÚM árið 1969.
*Freedom* is one of the few works by Sigurður from the sixties that is preserved in the collection of The Living Art Museum. The work was first shown at Sigurður's solo exhibition in Gallery SÚM in 1969.

Sigurður Guðmundsson er einn af stofnendum Nýlistasafnsins og hefur átt farsælan feril sem listamaður hér heima og erlendis. Sigurður lauk námi við Myndlista– og handíðaskóla Íslands árið 1963 og við Kunstacademie í Haarlem, Hollandi árið 1964. Sigurður var í hópi listamanna sem stofnuðu Gallerí SÚM árið 1969 í Reykjavík og tók einnig þátt í stofnun InOut Center í Amsterdam árið 1972. Á starfsferli sínum hefur Sigurður sýnt verk sín á alþjóðlegum vettvangi og hafa verk hans verið sett upp í almannarýmum hér á Íslandi, í Skandinavíu og í Evrópu.
Sigurður Guðmundsson is one of the founding members of The Living Art Museum, and has had a prolific career in both Iceland and abroad since the 1960s. Guðmundsson graduated from the Icelandic College of Arts and Crafts in Reykjavik in 1963 and the Kunst academie in Haarlem, Netherlands in 1964. He also cofounded Gallerí SÚM in 1969 in Reykjavik and the InOut Center in Amsterdam in 1972. Guðmundsson has a far-reaching and international exhibition history and his work has been commissioned for major public art projects throughout Central Europe, Iceland, and Scandinavia.

# Sólveig Aðalsteinsdóttir

f. 1955, býr og starfar í Reykjavík
b. 1955, lives and works in Reykjavík

## Án titils
## Untitled

1988
Skúlptúr, lágmyndir
Sculpture, relief

Þetta verk eftir Sólveigu var sýnt í Nýlistasafninu árið 1989 á sýningunni *Stakir skúlptúrar og nokkrar myndir.* Þar völdu listamennirnir efni úr nærumhverfinu og unnu með á sem einfaldastan máta.
The work on display here was shown at the exhibition *Some Sculptures and a Few Images* at The Living Art Museum in 1989. The participating artists chose materials from their surroundings and made works with these materials, in a very simple way.

Sólveig hefur unnið að myndlist sinni frá 1980, verk hennar hverfast oft um tímann og hversdaginn og eru oftar en ekki hennar náin skoðun á því umhverfi eða þeim aðstæðum sem hún finnur sig í. Birting þessa þátta fer fram í gegnum efni og aðferðir s.s. ljósmyndir þar sem unnið er á einfaldan máta með ljósið og filmuna eða teikning með silfri sem vísar bæði aftur í tíma til listasögunnar og fram á við vegna áhrifa andrúms og tíma á efnið sjálft. Sólveig stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands, New York Feminist Art Institute, Whitney Museum of American Art, Whitney Independent Studio Program í New York og Jan van Eyck Academie í Maastricht í Hollandi.
Sólveig Aðalsteinsdóttir has been working on her art since 1980, and has long dealt with the notion of time and everyday life. Her work often consists of observations based on her surroundings and circumstances, which is reflected through her materials and methods. In photography, Aðalsteinsdóttir works without equipment, but rather works with light and film, or draws in silver. This method refers to the past through art history, and at the same time to the future through the influence the atmosphere has upon the material. Aðalsteinsdóttir studied at the Icelandic College for Art and Crafts, the New York Feminist Art Institute, the Independent Studio Program of the Whitney Museum of American Art in New York and the Jan van Eyck Academie in Maastricht, the Netherlands.

Upplýsingar um listamennina eru fengnar frá þeim sjálfum eða af vefsíðum tengdum þeim.
Artist information has been provided by the artists themselves or from websites related to them.

Starkaður Sigurðarson

24

# Það er góð lykt af safninu

# The museum smells good




Það sem er einfaldast er oftast það sem maður tekur eftir. Það sem er áríðandi. Það sem þú sérð. Snertir. Finnur. Spurningar sem vakna eru oft einfaldar. Hvað er þetta? Hver gerði þetta? Hvar eigum við að geyma þetta? Og það sem gerist þegar maður fer að svara þessum spurningum er að þessar spurningar verða mjög stórar. Fyrirbæri sem maður getur ekki svarað í fáum orðum. Hvað gerir maður við þessa hluti?

Þegar ég fór fyrst að fara á sýningar í Nýló þá var oftast Dóminós lykt á sýningunni. Þetta var á Skúlagötunni þegar Dóminós var við hliðina á Nýlistasafninu. Lyktin fór eftir vindátt og var afgerandi undir réttum kringumstæðum. En það var vel hægt að eigna sér lyktina. List er lifandi athöfn í samfélaginu, stundum hlutur, stundum lykt. Þetta var verk eftir Dieter Roth. Eða leifar af verki eftir Dieter Roth. Draugur Dieter Roths. Eða núlifandi súmara einhverstaðar uppi á vegg. Stundum var lyktin bara fyrir utan, einhverskonar hjúpur sem innleiddi mann í þversamfélagslega hugsun. Stundum var lyktin fyrir innan. Þá þurfti manneskjan virkilega að takast á við raunveru samfélagsins. Safn er ekki staður sem býr fyrir utan samfélagið. Safnið býr við hliðna á Dóminós stundum. Stundum missir safn húsnæði. Stundum hverfur safn. Stundum, kannski oft, eru hlutir sem ættu að geymast gleymdir.

Safn sprettur ekki upp að sjálfu sér. Það er byggt. Safnað saman. Safnið eru hlutir og hugmyndir, en líka starfsmenn, sérfræðingar, ákvarðanir. Það þarf einhver að ákveða að geyma eitthvað. Og sú ákvörðun er risastór. Hvernig geymir maður eitthvað? Hvernig geymir maður lykt? Eða prent sem var prentað með pylsum og sósu? Hvernig geymir maður eitthvað sem brotnar niður í ekki neitt?

En er tilgangslaust að geyma þessa hluti þá? Er tilgangslaust að geyma eitthvað þegar það er ekki hægt að geyma allt? Það gæti verið hugsað þannig. Einu sinni voru allir hlutir smíðaverk. Ekki lengur. Kannski var merkasta verk Aristotelesar aldrei fundið. Við getum ekki vitað allt, en heimurinn er byggður á því að við vitum sumt. Og ef það er einhver sem veit allt, þá væri sá aðili safn. Það er alltaf hægt að bæta við safn. Að búa til nýja list. Búa til nýja list úr gamalli list. Það væri ekki hægt án minninga, skrásetningu, að einhver hafi gert eitthvað áður og hér er mynd af því. Ófullkomið, en ekkert meira ófulllkomið en allt annað. Safnið stendur bæði fyrir utan tíman, allt sem fer inn í safnið er skrásett, hluti af sögunni, liðið; og alltaf í tímanum miðjum, öll sagan aðgengileg alltaf. Ódauðlegt lykt. Þannig að safnið er staður, hús í borginni, en líka ekki staður, heldur einhverskonar hjúpur sem maður er alltaf inni í. Maður áttar sig ekki

That which is most simple is most often what one notices. That which is most urgent. What you see. Touch. Feel. The questions that arise are often simple. What is this? Who did this? Where should we keep this? And what happens when one starts to answer these questions is that these questions become very big. Something which one cannot answer in few words. What does one do with these things?

When I first started to go to exhibitions at The Living Art Museum the exhibition most often smelled of Domino's pizza. This was on Skúlagata when Domino's was next to The Living Art Museum. The smell followed the direction of the wind and was unyielding under the right conditions. But it was also possible to claim the smell. Art is a living act in society, sometimes an object, sometimes a smell. It was a work by Dieter Roth. Or the remains of a work by Dieter Roth. The ghost of Dieter Roth. Or some still living SÚM representative somewhere up on a wall. Sometimes the smell was only outside on the street, some sort of mist that ushered you into pan-societal thinking. Sometimes the smell was inside. Then one really needed to reckon with the realities of society. A museum is not a place that lives outside of that society. The museum sometimes lives next to Domino's. Sometimes a museum loses its housing. Sometimes a museum disappears. Sometimes, maybe often, things that should be kept are forgotten.

A museum does not grow out of nothing, by itself. It is built. Gathered together. The museum is objects and ideas, but also employees, experts, decisions. Someone needs to decide to keep something. And that decision is very big. How does one keep something? How does one keep smell? Or a print that was printed with sausages and sauce? How does one keep something that breaks down into nothing?

Is it pointless to keep these things then? Is it pointless to keep something when it is not possible to keep everything? It could be seen that way. At one point all things were worked from wood by a carpenter. Not any more. Maybe Aristotle's greatest work was never found. We cannot know everything, but the world is built on the notion that we know something. But if there were someone who knows everything, that person would be a museum. It is always possible to add to a museum. To create new art. To create new art from old art. It would not be possible without memories, documentation, that someone did something before and here is a picture of it. Imperfect, but not any more imperfect than anything else. The museum stands both outside of time, everything that

alltaf hversu stór og þéttur þessi hjúpur er; alltaf að stækka, og mettast, og spíra. Nema á safninu. Á Nýlistarsafninu getur maður, og hefur maður getað, haft aðgang að andartökum fólks sem mótaði heiminn er hefur mettast. Borið saman þá móðu við það sem nýjast er í listinni. Nýlist er alltaf nýlist. Mikilvægara að geyma og ekki gleyma hlutunum, er að tala við þá. Sagan er þögul bara þegar ekki er yrt á hana. Starf safnsins er tvíliða. Eða, tvö andlit á sömu fjöl. Að geyma og að búa til.

Ekki allt geymist, sem minning eða sem hlutur, en það er mikilvægt að eitthvað sé geymt. Að hugmyndin *að geyma* sé til. Ef það er ekki gert erum við bara lykt án nefs.

goes into the museum is documented, part of history, past; and always in the middle of time, all of history available always. An undying smell.

So the museum is a place, a building in the city, and also not a place, but some sort of mist one is always inside of. One does not always realize how big and dense this mist is, always growing, and saturating, and sprouting. Except in the museum. In The Living Art Museum one is able, and has been able, to access the breaths and sighs of the people that shaped the world that has permeated. To compare that blurry haze with what is newest in art. Living art is always living art. More important than keeping things, collecting things, not forgetting things, is talking to these things. History is silent only when it is not spoken to. The point of the museum is twofold. Or, two faces on the same plank of wood. To keep something and to create something.

Not everything is kept, or can be kept, or stored, or saved, as a memory or as an object, but it is important that something is kept. That the idea *to keep* exists. If it is not done then we are just a smell without a nose.

# Dagskrá Program

## Júní June

Opnun Vernissage
Fim Thu 07.06.2018
18:00–20:00

Hljóðverk Sound piece
Ég hef þig í vasanum
I've got you
Ásgerður Birna Björnsdóttir

07.06–10.06.2018
Ummerki (inngangsins, arkífsins, ljóssins, gluggans, vírsins, útgangsins)
Traces (of the entrance, the archive, the lighting, the window, the wire, the exit)
Juliana Foronda

Listamannaspjall Artist's talk
Lau Sat 09.06.2018
15:00–16:00
Auður Lóa Guðnadóttir & Starkaður Sigurðarson og Ásgerður Birna Björnsdóttir

## Júlí July

Listamannaspjall Artist's talk
Fim Thu 05.07.2018
20:00–21:00
Kristín Helga Ríkarðsdóttir & Saga Sigurðardóttir

Kokteilakvöld Cocktail Lounge
Lau Sat 14.07.2018
16:00–18:00
Auður Lóa Guðnadóttir & Starkaður Sigurðarson

Gjörningur Action
Fim Thu 26.07.2018
20:00–21:00
Eyða (viðkoma)
Touching blank
Saga Sigurðardóttir

## Ágúst August

OBBSIDIAN©: Vörukynning–partí & goody bags
OBBSIDIAN©: Product launching–party & goody bags
Lau Sat 04.08.2018
16:00–18:00
Kristín Helga Ríkarðsdóttir

Gjörningur Action
Fim Thu 09.08.2018
20:00–21:00
Eyða (viðkoma)
Touching blank
Saga Sigurðardóttir

## Lokunarhóf Finissage

11.08–12.08. 2018

Boðun Summon
Lau Sat 11.08.2018
17:00–18:00
Gjörningur með þátttöku fulltrúaráðs Nýlistasafnsins
Performance with participation of the members of The Living Art Museum

Hljóðverk Sound piece
Sun Sun 12.08.2018
12:00–18:00
Ég hef þig í vasanum
I've got you
Ásgerður Birna Björnsdóttir

Listamannaspjall Artist's talk
Sun Sun 12.08.2018
16:00–17:00
Andreas Brunner & Veigar Ölnir Gunnarsson

## Meira More

Áframhaldandi afmælisdagskrá eftir sýninguna
Continuing programme after the exhibition

Menningarnótt Culture night
Lau Sat 18.08.2018
Fyrir flugeldana Before the firework show
WHAT ARE PEOPLE FOR?
Anna McCarthy & Manuela Rzytki
Nánari upplýsingar síðar More details to follow

Málþing um listamannarekin rými
Symposium on artistrun spaces
Lau Sat 25.08.2018
Nánari upplýsingar síðar More details to follow

Sýningarstjórar Curators
Stjórn og starfsfólk Nýlistasafnsins
Board and staff of The Living Art Museum

Þýðing Translation
Daria Sól Andrews
Stjórn og starfsfólk Nýló
Board and staff of Nýló

Yfirlestur Proofreading
Sahara Rós Ívarsdóttir
Stjórn og starfsfólk Nýló
Board and staff of Nýló

Hönnun Design
Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir með aðstoð frá Guðmundi Snæ Guðmundssyni)

Prentun Printing
Prentsmiðjan Oddi

Sérstakar þakkir fá Special thanks to
Karólína Þórsdóttir, Maja Gomulska, Nawel Dehina, Sandra Kazlauskaite, Laura Durban, Amber Hönning, Anaëlle Prêtre, Daria Sól Andrews, Claye Bowler, Timna Tomisa, Halldór Reynir Tryggvason, Gunnhildur Sveinsdóttir og Guðni Magnús Eiríksson, Svampland, The Post Performance Blues Band, Jonas Blase, Florence Lam, Johannes Dagsson, Eva Signý Berger, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Marble Crowd, Bogi Helgason, Bryngeir Vattnes, Blair Alexander, Eygló Harðardóttir, Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir, Tara Njála Ingvarsdóttir, Ríkharður H. Friðriksson, Þórir Gunnar Jónsson, Aurorar Reykjavík & Ingibjörg Aldís Hilmisdóttir (Nordic Whisper).

Afmælissýningin og viðburðir tengdir henni hlutu styrki úr Myndlistarsjóði og Safnasjóði. Hún er auk þess hluti af dagskrá aldarafmælis Fullveldis Íslands og styrkt af afmælisnefnd.
The exhibition and event program received generous support from The Icelandic Visual Art Fund, The Icelandic Museum Fund and i s part of the Centenary of Icelandic independence and sovereignty celebration.

SAFNARÁÐ

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual Arts Fund

100 FULLVELDI ÍSLANDS